



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2016

## Kynningarverð Heimkaup á flugeldum

### I.

#### Málsmeðferð

Með bréfi Neytendastofu til Magna verslanir ehf., dags. 28. desember 2015, vegna markaðssetningar vefverslunarinnar heimkaup.is á skoteldum var athygli félagsins vakin á ákvæðum 5. gr., 8. gr., 9. gr., 11. gr., 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og reglum nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Þá var athygli félagsins vakin á því að tímabil kynningarverðsins væri hvergi tilgreint eins og gert væri ráð fyrir í 5. gr. reglna nr. 366/2008. Með bréfi Neytendastofu fylgdu skjáskot af vefversluninni heimkaup.is þar sem ekki kom fram tímabil kynningarverðs. Slík verðframsetning væri að óbreyttu til þess fallin að brjóta gegn ákvæðinu og 11. gr. og 9. gr., sbr. 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005. Neytendastofa fór fram á að Magna verslanir veittu upplýsingar um hve lengi kynningarverðið vari og hvenær fyrirhugað væri að skoteldarnir færu á venjulegt verð.

### 1.

Svar Magna verslanir barst með tölvubréfi, dags. 29. desember 2015. Þar segir að verð flugeldanna sem seldir séu hjá Heimkaup séu fyllilega samkeppnishæfir. Kynningarverðið sé feikna hagstætt og ekki gott að sjá að hægt sé að gera betri kaup annarsstaðar. Kynningarverðið renni út kl. 13.00 þann 31. desember 2015. Eftir það verði þessir flugeldar seldir á fullu verði. Enn fremur komi gildistíminn fram þar sem kynningarverðinu sé teft fram, bæði í auglýsingum og á síðu heimkaup.is. Mögulega verði einhverjar tegundir settar á tilboð 5. og 6. janúar. Þetta sé þó alls ekki víst og fari allt eftir birgðastöðu/sölu þangað til.

## II. Niðurstaða

### 1.

Í máli þessu er um að ræða kynningartilboð á skoteldum hjá vefversluninni heimkaup.is. Samkvæmt gögnum málsins var tímabil kynningartilboðsins ekki tilgreint á heimasíðu. Magna verslanir hafa greint frá því að kynningarverðið hafi runnið út kl. 13.00 þann 31. desember 2015. Eftir það yrðu skoteldar seldir á fullu verði.

### 2.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 8. gr. í IV. kafla laganna er svohljóðandi: „*Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.*“

Í 1. mgr. 9. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.-g. liðum 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til og segir þar í d. lið að átt sé við rangar upplýsingar um: „*verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértilboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum*“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi: „*Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.*“

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segir í 5. gr.: „*Þegar auglýst er kynningar- eða opnunartilboð skal afslátturinn vera raunverulegur þ.e. að eftir nánar tilgreindan tíma hækki verð vörunnar eða þjónustunnar. Gefa skal upp venjulegt verð ásamt kynningar- eða opunarverði.*“

### 3.

Við mat á umræddum kynningartilboðum telur Neytendastofa að leggja beri eftirfarandi til grundvallar við mat á lögmati markaðssetningarinnar samkvæmt ofangreindum ákvæðum laga.

Líta verður til þess í hve langan tíma varan er höfð á hinu lækkaða verði við mat á því hvort um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þá verður að líta til þess að sölutímabil flugelda er stutt, þ.e. tíu dagar og nær frá 28. desember til 6. janúar hver áramót, sbr. 2. gr. reglugerðar um skotelda, nr. 952/2003, með síðari breytingum. Vörurnar sem hér um ræðir voru seldar á afsláttarverði, í hlutfallslega styttri tíma en á venjulegu verði. Telur Neytendastofa eins og málum er hér háttað að um raunverulega verðlækkun hafi að ræða og neytendum þar með ekki veittar villandi upplýsingar um verðhagræðið. Neytendastofa telur því að tímalengd kynningarverðsins í sjálfu sér feli ekki í sér brot gegn lögum nr. 57/2005 eða reglum 366/2008.

Í skjáskotum af vefsíðu heimkaup.is sem fylgdu bréfi Neytendastofu var ekki að finna nánari tilgreiningu á tímabili kynningartilboðsins eins og 5. gr. reglna nr. 366/2008 gera ráð fyrir. Þar sem tímabilið var ekki tilgreint telur Neytendastofa að markaðssetning Heimkaup sé villandi gagnvart neytendum og brjóti gegn 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr., 11. gr. laga nr. 57/2005 og 5. gr. reglna nr. 366/2008.

### 4.

Neytendastofa bendir á að með ákvörðun nr. 51/2015 var lögð stjórnvaldssekt á Magna verslanir vegna sambærilegs brots þar sem ekki var tilgreindur gildistími kynningarverðs. Þrátt fyrir ákvörðun Neytendastofu hafa Magna verslanir ekki fært viðskiptahætti sína við framsetningu á kynningarverðum til lögmeats horfs.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til samstarfsvilja fyrirtækisins, umfangs brotsins, fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Magna verslanir ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

„Magna Verslanir ehf., rekstararaðili Heimkaup, Smáratorgi 3, Kópavogi hefur brotið gegn gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/20015 og 5. gr. reglna nr. 366/2008 með því að tilgreina ekki gildistíma kynningarverða á skoteldum á vefsíðu sinni heimkaup.is.

Með heimild í b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Magna Verslanir ehf. að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur).

Neytendastofa, 2. febrúar 2016

Tryggvi Axelsson

Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir